

LÁTTU TIL ÞÍN TAKA!



Andri Gunnarsson,
héraðsdómslögmaður hjá Nordik
lögfræðipjónustu. Útskrifaður frá
lagadeild HR 2007.

Alþjóðleg uppbygging námsins í HR, sérfróðir kennarar og áhersla á samræðu nemenda og kennara ásamt raunhæfum verkefnum hefur reynst mér gott veganesti út í atvinnulífið. Ég fann strax eftir útskrift að námið hafði veitt mér traustan grunn til að veita íslenskum og erlendum aðilum fjölbreytta ráðgjöf um lögfræðileg málefni. Námið gaf mér einnig auknið sjálfstraust til að sýna frumkvæði og forystu í daglegum störfum mínum. Að velja lagadeild HR reyndist mikið heillaspor.



Sigríður Þorgeirsdóttir,
framkvæmdastjóri rekstrarsviðs
LOGOS.

Reynsla okkar hjá LOGOS af nemendum úr lagadeild HR hefur verið mjög góð. Við höfum fengið til okkar sterka nemendur sem hafa reynst vel í starfi. Grunnurinn sem þeir hafa úr náminu er góður, þeir eru áhugasamir og skila metnaðarfullri vinnu. Hjá LOGOS gerum við miklar kröfur um gæði og skilvirkni og hafa nemendur úr lagadeild HR staðist þær.



María Kristjánsdóttir,
héraðsdómslögmaður hjá Lex.
LLM í alþjóðaviðskiptalögfræði frá
Fordham University í New York 2008.
Útskrifuð frá lagadeild HR 2007.

Námið við lagadeild HR hefur reynst mér afar vel í því sem ég hef tekið mér fyrir hendur eftir útskrift, bæði í námi og svo starfi sem héraðsdómslögmaður hjá LEX. Metnaðarfullt, krefjandi og skemmtilegt nám, með áherslu á úrvinnslu raunhæfra verkefna eru allt eiginleikar sem nýtast vel í þeim verkefnum sem ég fæst við sem lögmaður á hverjum degi. Sá undirbúningur sem laganámið við HR hefur veitt mér stenst fullkomlega allar mínar væntingar.



**Hulda Hákonardóttir saksóknarfulltrúi
hjá embætti sérstaks saksóknara. ML í
lögfræði frá lagadeild HR 2008.**

Laganámið nýtist mér sem góður grunnur og undirbúningur undir hvers konar lögfræðileg viðfangsefni. Jafnframt tel ég að álag og skipulagning við verkefnaskil í gegnum allt námið hafi þjálfað vinnubrögð sem nýtast mér mjög vel í starfi og gera mig betur undir það búin að vinna í krefjandi umhverfi.



FERÐ LAGANEMA TIL BRUSSEL

Evrópuréttur er eitt af kjarnafögum lagadeildar Háskólans í Reykjavík. Á hverju ári fara nemendur í Evrópurétti í námsferð til Brussel, þar sem stofnanir Evrópusambandsins og EFTA eru heimsóttar.

PÁTTAKA LAGANEMA Í MÁLFLUTNINGSKEPPNUM

Lið lagadeildar Háskólans í Reykjavík hefur tekið þátt í virtum alþjóðlegum málfutningskeppnum á hverju ári með frábærum árangri.



LAGADEILD
SCHOOL OF LAW



LAGADEILD HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

BA Í LÖGFRÆÐI 3ja ára nám
ML Í LÖGFRÆÐI 2ja ára nám
PhD Í LÖGFRÆÐI 3ja ára nám

Sérstaða laganáms við Háskólann í Reykjavík

- Umfangsmikið, metnaðarfullt og nútímalegt grunnnám sem byggir á endurskilgreiningu á grunnmenntun lögfræðinga m.a. til að mæta þörfum atvinnulífsins.
- Nemendafjöldi takmarkaður sem tryggir góða þjónustu og persónuleg tengsl nemenda og kennara.
- Fjölbreytt og dreift námsmat m.a. í formi miðannarprófa og raunhæfra verkefna.
- Raunhæf verkefni og valnámskeið.
- Nemendum á fyrsta ári stendur til boða að taka þátt í leshópum undir leiðsögn meistarana.
- Fullbúinn dómssalur sem nemendur hafa til afnota í raunhæfum málfutningsæfingum.
- Skólinn er opinn nemendum allan sólarhringinn.
- Mikið val um áherslur og námsleiðir.
- Möguleikar á þverfaglegri nálgun og námskeiðum í öðrum deildum og sviðum.
- Einstaklingsbundin námsáætlun í meistaránámi.
- Gefinn kostur á að útskrifast með meistarapróf á alþjóðasviði.

Þeir sem ljúka meistaránámi við deildina að undangengnu grunnnámi í lögfræði og a.m.k. 240 ECTS í lögfræðigreinum teljast hafa lokið fullnaðarprófi í lögfræði og uppfylla því almenn menntunarskilyrði til að gegna störfum dómara og málflytjenda.

NÁNARI UPPLÝSINGAR

Frekari upplýsingar um námið veitir skrifstofustjóri lagadeildar,
Jóna K. Kristinsdóttir í síma 599 6407, jonak@ru.is.

www.lagadeild.is